

BORGARRÁÐ 25. maí 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda barna á bíðlista eftir leiguhúsnæði – MSS23050153

Láglaunafólk með börn á leigumarkaði er í mjög erfiðri stöðu, skýrsla Vörðu fjallar um stöðu foreldra og einstæðra foreldra sem og kjararéttir Eflingar sem hafa tekið út stöðu barnafólks. Þrátt fyrir að margir foreldrar séu í viðkvæmri stöðu fjárhagslega, þá fá ekki öll að sækja um félagslegt leiguhúsnæði þar sem þau uppfylla ekki skilyrðin. Óskað er eftir þeim upplýsingum sem Reykjavíkurborg hefur um fjölda þeirra barna sem bíða eftir því að komast í öruggt leiguhúsnæði (eins og í félagslegt leiguhúsnæði eða leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnu félagi) og einnig er óskað eftir aldursdreifingu barnanna og skiptingu eftir því hvort þau séu hjá einstæðu foreldri eða foreldrum í sambúð. Í maí 2023 eru 197 barnafjölskyldur að bíða eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá borginni, þar af 146 einstæðir foreldrar. Hver er fjöldi þeirra barna sem bíða með foreldrum sínum á bíðlistanum og hver er aldursdreifing þeirra? Einnig er óskað eftir upplýsingum um stöðu barna sem bíða eftir húsnæði með foreldrum sínum í öðrum kerfum í borginni, ef að Reykjavíkurborg býr yfir þeim upplýsingum, hér er t.a.m um að ræða íbúðir fyrir stúdenta og íbúðir sem eru byggðar af verkalýðshreyfingunni.